

Fundur í nemendaráði 30. september 2019

Mættir: Oddur – 5. bekk, Aldís – 6. bekk, Arnþór – 7. bekk, Ólafur og Alda – 8. bekk, Anton og Ísabella – 9. bekk, Erna og Ronja – 10. bekk.

- Nýir fulltrúara nemendaráðs boðnir velkomnir.
- Kynning á hlutverki nemendaráðs; Standa vörðu um félags-, hagsmuna og velferðarmál nemenda í skólanum.
- Samvinna við félagsmiðstöðina rædd, ráðið væri til í að fá kynningu frá félagsmiðstöðinni inn á fund.
- Lyklamál, borið hefur á því að lyklar sem geymdir eru í skápum eru að hverfa. Umræður um að skapa menningu þar sem samnemendur sýna skólafélögum þá virðingu að láta annarra manna hluti í friði. Skoðum þetta aftur á næsta fundi, ef málið hefur ekki lagast verða settar strangari reglur í unglingadeild varðandi drykkjar-, salernis og pásuferðir úr tímum. Þar fyrir utan eru læsingar og lyklar orðin lúin og kominn tími til að endurnýja. Skólastjóri skoðar þau mál.
- Umræður um að stytta föstudaga í skólanum. Málið rætt en ekki talin ástæða til að gera neitt í málinu.
- Fótboltavöllur, umræður um að hafa ákveðna daga fyrir yngsta stig og aðra daga fyrir mið- og unglingastig. Ákveðið að fresta umræðum til næsta fundar.
- Vandamál með bolta og leikföng, sumt fer með læknum og týnist þannig og stundum eru nemendur ekki að ganga frá því sem þeir eru að nota. Ákveðið að nemendaráð fari í alla námshópa og hvetji nemendur til að fara vel með það sem við eigum og ganga frá á rétta staði.
- Ýmsar óskir frá miðstigi; fá fleiri rólur og körfurólu á skólalóðina, vegasalt fyrir yngri krakka, meira af ávöxtum og grænmeti með matnum. Sitt sýnist hverjum, umræður í ráðinu um að sumum finnst of mikið af grænmeti með matnum. Talið ólíklegt að fá tæki á skólalóð nema farið yrði í alls herjar endurskipulagningu á skólalóðinni.
- Klukkur, setja þarf upp klukkur í búningasklefum sem útskriftarargangur 2019 gaf skólanum á skólastlitum. Endurstilla þarf klukkur sem ganga rangt.

Fundi slitið